

HJÁLPIN AÐ HANDAN

I

Um daginn fékk ég frá hinum ágæta skörungi Sir Arthur Conan Doyle, sendingu, sem mér þótti verulega vænt um. Varð mér við, þegar ég reif upp bréfið og sá hvað það hafði að geyma, nokkuð líkt og ég býst við að mundi verða manni sem verið er að kvelja, ef slakað er á pindingunum, svo að hann hefir viðþol um stund. En í bréfinu var grein sem stendur í vikublaðinu *The Two Worlds*, 15. okt. sl., s. 618; og það sem gladdi mig svo, er að greinin sýnir hversu nú er að koma fram aðalatriði, sem ég hefi sagt fyrir. Höfundur greinarinnar, T. P., hefir ásamt vini sínum, verið að leita sambands við það sem þeir hugðu andaheim. Fá þeir þá samband við framliðinn, sem notar rittæki þeirra af miklum krafti. Fer það sem skrifsað er, mjög í bága við skoðanir vinanna. These statements are entirely outside our preconceptions, segir T. P. Hinn framliðni kveðst hafa lifað í Mið-Afríku fyrir 400 árum, en nú eigi hann heima á jarðstjörnu sem heiti Varin, og sé hann engu síður líkamleg vera en meðan hann lifði hér á jörðu. Lifnaðarhættir vorir eru eins og yðar, segir hann, vér nærumst og elskumst eins og þér. Veikindi eru engin hjá oss, en slys geta komið fyrir. Þegar lýkur dvöl manna á stjörnunni Varin, koma þeir fram á stjörnu, sem heitir Mora, og fara síðan stjörnu af stjörnu, til vaxandi fullkomunnar. Eins og vikið var á, gengur þeim vinunum illa að trúá þessu, og spyrja: er þessi hnöttur þinn ábreifanlegur veruleiki, í sömu merkingu og jörðin er það? Hinn framliðni svarar þessu af nokkurri óþolinmæði. Vissulega, segir hann: ég hefi þegar tekið það fram. Ykkur gengur auðsjáanlega illa að átta ykkur á einföldum sannleikanum.

II

Þarna er þá loksns svo langt komið, að framliðinn héðan af jörðu, sem nú á heima á öðrum hnetti, og hefir fengið þar nýjan líkama, getur sagt, beinum og berum orðum, þetta sem ég hefi nú um allmögur ár verið að berjast við að fá menn hér og hvar út um alla jörð til að skilja. Og það er ekki neitt smámál, þetta sem hér ræðir um. Framtíð mannkynsins er undir því komin, hvort tekst eða ekki, að hafa það fram. Án þeirrar þekkingar, sem hér er verið að koma fram, er engin leið, að lengra komnir íbúar annarra stjarna, geti veitt oss þá hjálp, sem vér getum ekki án verið, til að sigrast á hörmungum mannlífsins. Og ekki þarf að efa, að máli þessu mun framgengt verða. Aðeins er ástæða til að spryrra, hve lengi þetta geti dregist enn; en það er mjög undir því komið, hversu lengi sumir menn láta tjóðrast af fyrirframsannfæringum, sem meir miða til að gera þá að uxum en heimspekingum. Og í aðalatriði er málið einfalt. Það er sannað, að með tilstyrk miðils má ná sambandi við mann sem (vanalegast) liggar og sefur, án þess að það virðist gera nokkurn verulegan mun, hvort hinn sofandi maður er hinumegin við götuna, eða handan við hin stærstu höf. Liggur þá mjög nærrí að álykta, að slíkt samband geti eins átt sér stað, þó að hinn sofandi maður sé milljónir eða billjónir kílómetra í burtu. Og að vísu eru til óteljandi athuganir, sem beinast er að skýra einmitt þannig. Og nú hefir þá loksn þessi ágæti Afríkumaður, sem hér segir af, getað komið því fram, að hann liggi eins og sofandi heima hjá sér, á annarri stjörnu, á sama tíma sem hann er að nota rittæki hér á jörðu, á þann hátt sem ádur var sagt.

Oss er óhætt að líta til framtíðarinnar með mikilli eftirvæntingu. Því að þegar þessu máli verður komið í rétt horf, þegar jörð vor verður komin í hið mikla stjörnusamband (The grand cosmic Union of Stars) þar sem viskan er sest í hásætið, og miskunnsemin við hlið hennar, þá fyrst hefst vorið fyrir lífið í þessu heimkynni voru. En þó er því miður einnig ástæða til að líta fram með nokkrum ótta, vegna þess að hæturnar verða því stærri, því lengur sem það

dregst, að sannleikurinn sigri. Og ef það drægist fram til miðrar þessarar aldar, þá mundu verða verri tíðindi en nokkur, sem orðið hafa enn í sögu mannkynsins. Látum oss öll óska þess af öllum hug, að það verði sannleikurinn, sem vér ljáum fylgi vort, en ekki lygi og villa.

Á nýársdag 1927